

## 8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

## 9. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennslí heita vatnsins að húsi eða íbúð húseiganda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlunum um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er kr. 3.000 í hvert skipti.

## 10. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Mosfellsbæjar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir-mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Mosfellsbæjar, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi frá og með 1. janúar 2002 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 254, 8. maí 1996, með áorðnum breytingum.

*Iðnaðarráðuneytinu, 20. desember 2001.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Porgeir Örlygsson.*

## GJALDSKRÁ

### Hitaveitu Hveragerðis. B-hluti.

## 1. gr.

#### Almennt.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir veitusvæði Hitaveitu Hveragerðis (HH). Gjaldskráin tekur til afhendingar og sölu heits vatns og jarðgufu, sbr. reglugerð fyrir HH nr. 320/2000 ásamt þeim breytingum, sem síðar kunna að hafa verið gerðar á henni.

Gjaldskráin skiptist í tvo hluta:

*A-hluta* sem fjallar um almenna afhendingu hitaorku á veitusvæði HH. Í þessum hluta er einnig skilgreining á heimæðagjöldum, mælaleigu og innheimtugjaldi auk annarra ákvæða.

*B-hluta* sem sýnir gildandi verð fyrir heitt vatn, jarðgufu og önnur gjöld á hverjum tíma.

## 2. gr.

#### Verðskrá.

##### 2.1 Verð fyrir hitaorku.

###### A.1 Almenn notkun, dreifikerfi I:

Vatnsgjald	57,25	kr./m <sup>3</sup>
Fast gjald	6.614,00	kr./ár

###### A.2 Almenn notkun, dreifikerfi II og III:

Vatnsgjald	278,63	kr./m <sup>2</sup>
Fast gjald	6.614,00	kr./ár

A.3	Garðyrkjunoskun, dreifikerfi II:		
	Vatnsgjald	278,63	kr./m <sup>2</sup>
	Fast gjald	16.543,00	kr./ár
A.4	Iðnaðarnotkun, dreifikerfi II:		
	Vatnsgjald	278,63	kr./m <sup>2</sup>
	Jarðgufugjald	1,03	kr./kWh
	Fast gjald	6.614,00	kr./ár
	Flatarmál húsa er reiknað skv. reiknireglum FMR.		
<b>2.2</b>	<b>Heimæðagjald.</b>		
B.1	Hús minni en 2.000 m <sup>3</sup> :		
	Fast gjald	106.171,00	kr.
	Rúmmetrar umfram 600 m <sup>3</sup>	67,00	kr./m <sup>3</sup>
B.2	Hús stærra en 2.000 m <sup>3</sup>		
	Fast gjald	199.971,00	kr.
	Rúmmetrar umfram 2.000 m <sup>3</sup>	45,00	kr./m <sup>3</sup>
	Rúmmetrar umfram 600 m <sup>3</sup> reiknast ekki á einbýlis-, rað- og parhús.		
<b>2.3</b>	<b>Innheimtugjald.</b>		
C.1	Innheimtugjald hitaveitu	500,00	kr.
<b>2.4</b>	<b>Lokunargjald.</b>		
D.1	Lokunargjald hitaveitu	1.685,00	kr.

Á öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggst virðisaukaskattur eftir gildandi reglum á hverjum tíma.

3. gr.

### Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi, B-hluti, staðfestist hér með, samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi 1. janúar 2002 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi eldri gjaldskrá Hitaveitu Hveragerðis, B-hluti, nr. 67, 18. janúar 2001.

*Iðnaðarráðuneytinu, 20. desember 2001.*

F. h. r.

**Porgeir Örlygsson.**

*Guðjón Axel Guðjónsson.*

## AUGLÝSING

### um hækkun atvinnuleysisbóta.

Með vísun til 7. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997 með síðari breytingum, og að fengnu samþykki ríkisstjórnar Íslands hefur félagsmálaráðherra ákveðið að hækka atvinnuleysisbætur um 8,5% frá 1. janúar 2002.

*Félagsmálaráðuneytinu, 20. desember 2001.*

**Páll Pétursson.**

*Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.*